

Alþingi  
Erindi nr. P 139/40  
komudagur 1.11.2010

Allsherjarnefnd Alþingis.

-----Original Message-----

From: hrafnb@simnet.is [mailto:hrafnb@simnet.is]

Sent: 30. október 2010 16:58

To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir

Subject: gagnsæi í dómum Hæstaréttar

Ágæta Elín.

Með bréfi 19. október sl. óskaði Allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn minni um frumvarp til laga um breytingu á meðferð einkamála, þ.e. um atkvæðagreiðslu í Hæstarétti og birtingu dóma. Ég er því miður svo önnum kafinn við úttekt á lífeyrissjóðum landsmanna að mér er ekki fært að verða við ósk nefndarinnar, en gæti komið á fund hennar án undirbúnings ef nefndarmenn vilja. Mér er málefnið vel kunnugt. Hæstiréttur mun hins vegar gefa álit sitt á frumvarpinu og geri ég ráð fyrir að álit mitt myndi ekki fara langt frá álit meiri hluta Hæstaréttar. Hér er í raun um að ræða efni sem ekki skiptir sköpum um íslenskt réttarkerfi og réttast er að láta Hæstarétt um. Spurning hvort Alþingi á að hlutast til um þetta efni. Huga verður að þriggreiningu valdsins. Að dæma eftir greinargerðinni mætti frumvarpið vera betur hugsað og tilvísun til öryrkjadómsins tæpast sögulega rétt. Dómurinn var sniðinn eftir norskum dómum, sem ekki hafa þótt óskýrir þar í landi. Hann var hins vegar umdeildur efnislega sem oftast hendir þegar dómur skiptast í 3,2.

Með bestu kveðju,  
Hrafn Bragason